



**PANTAÐU Á
DOMINOS.IS**

DOMINO'S APP SÍMI 58 12345



SELTJARNARNESBÆR

www.seltjarnarnes.is



24
Hagkaup

OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
á Eiðistorgi



**Slökkvitækja-
þjónustan**

564 1433

Bakkabraut 16 • 200 Kópavogur

Fyrir heimili - húsfélög - fyrirtæki
Úrval slökkvitækja. Leiðið tilboða!



græn heilsa

lífræn heilsuverslun

Ægisíða 121

facebook.com/grænheilsa

Fjöldi fólks lagði leið sína á Eiðistorgið á Seltjarnarnesi síðast liðinn laugardagsmorgun en þá bauð Seltjarnarnesbær íbúum í morgunhressingu í tilefni af menningarhátíð Seltjarnarness sem var vel sótt en menningarhátíðin var haldin dagana 15. til 18. október sl. Nánar er sagt frá menningarhátíðinni á bls. 6.



Góð þjónusta – Hagstætt verð

Í gamla Héðinhúsinu, Seljavegi 2

Afgreiðslutími:
Virka daga: kl. 9-18:30
Laugardaga: kl. 10-16

Reykjavík  Apótek

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

Þú getur tengst Netbankanum þínum í gegnum farsímann.



Skannaðu kóðann til að sækja „appið“ frítt í símann.



Þú færð nánari upplýsingar á www.islandsbanki.is/farsiminn



Hafðu bankann með þér



Íslandsbanki

NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is

ÚTGEFANDI: Borgarblöð, Eiðistorgi 13-15, 170 Seltjarnarnes, Pósthólf 172. S: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

RITSTJÓRI: Kristján Jóhannsson • ÁBYRGÐARMAÐUR: Kristján Jóhannsson • BLAÐAMAÐUR: Þórhildur Ingimarsson

UMBROT: Valur Kristjánsson • NETFANG: borgarblod@simnet.is • HEIMASÍÐA: borgarblod.is

Nesfréttir koma út mánaðarlega og er dreift frítt í hvert hús á Seltjarnarnesi

Leiðari

Hátíðahaust

Hausið er oft tími hátíða og koma listir og önnur menning gjarnan við sögu. Seltjarnarnes er engin undantekning að þessu leyti. Á liðnu síðsumri og nú á þessu hausti hefur verið efnt til fjölskrúðugra hátíðarhalda á Nesinu. Fyrst má nefna bæjarhátíðina sem fór fram helgina frá 27. til 30. ágúst. Þetta var í þriðja skiptið sem bæjarhátíð er haldin. Hugmyndin að baki bæjarhátíðarinnar er einkum sú að búa til viðburð sem flestir bæjarbúar geta tekið þátt í. Hún hefur verið að festa sig í sessi svo næstum öruggt má telja að búið sé að tryggja þennan skemmtilega viðburð til frambúðar.

Um liðna helgi var efnt til menningarátíðar á Seltjarnarnesi. Um mjög fjölbreytta hátíð var að ræða og víða var komið við. Bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar á þessu ári Helgi Hrafn Jónsson setti sterkan svip á hátíðina á samt eiginkonu sinni Tinu Dickow en þau eru bæði þekkt tónlistarfólk og hafa farið með list sína víða um heim. Vonandi nær menningarhátíðin einnig að festast í sessi. Með því móti styrkist Seltjarnarnesbær að vera fjölskyldu- og menningarvænt samfélag.

Félag eldri borgara

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi var sofnað á dögunum. Vonum seinna að stofnað sé til þess félagsskapar því hlutfall fólks sem er komið um og yfir eftirlaunaaldur er hvergi hærra en á Nesinu. Þetta kallar á ákveðna þjónustu af hálfu bæjarfélagsins en einnig að þessi aldurshópur nái betur saman og geti myndað samstöðu um félagslíf og annað sem heldra fólki er nauðsynlegt. Hár meðalaldur íbúa er hins vegar umhugsunarefni bæði bæjaryfirvalda og íbúanna sjálfra. Hann er tilkominn af þeim skipulagshugmyndum sem lengi var unnið eftir og viðhorfum fyrri ára að íbúar stórra einbýla og raðhúsa ættu einkum að mynda samfélag Seltirninga. Nú er fátt annað til ráða en víkja af þessum vegi og byggja minni og ódýrari íbúðir þar sem enn má reisa húsnæði sem ungt fólk hefur ráð til að festa kaup á. Verði ekki vikið að þeirri leið má gera ráð fyrir að enn fækki í skólum og að Félag eldri borgara verði fjölmennasti félagsskapurinn á Seltjarnarnesi.

Ólína tekur við Grunnskóla Seltjarnarness



Sigrún Edda Jónsdóttir, formaður skólanefndar og Guðlaug Sturlaugsdóttir.

Ólína Thoroddsen hefur tekið við starfi skólastjóra Grunnskóla Seltjarnarness og mun gegna því út skólaárið, en Guðlaug Sturlaugsdóttir lét af störfum sem skólastjóri um síðast liðin mánaðamót.

Guðlaug hefur tekið við starfi skrifstofustjóra grunnskóla á skóla og frístundasviði Reykjavíkurborgar. Hún var kvödd af samstarfsfólki þann 30. september, þökkuð vel unnin störf í þágu skólans og óskað vel farnaðar á nýjum vettvangi. Ólína er vel kunnug skólastjórastarfinu þar sem hún gegndi því í afleysingum skólaárið 2013 til 2014 og hefur auk þess starfað við stjórnun skólans til fjölda ára sem aðstoðarskólastjóri. Í vetur verður staða skólastjóra auglýst og stefnt að ráðningu nýs skólastjóra frá 1. júní 2016.



Ólína Thoroddsen.

Nesbíúinn



Menningarhátíðin var vel heppnuð!



rafmagn@mi.is

Gerir við allar tegundir startara, alternatora, beinar innspýtingar, rafmagn í bílum og bátum.

Sævar

Bíla- og bátarafmagn

Sími 561-1466 - Kirkjubraut 13, Seltjarnarnesi

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími

511 1188

www.borgarblod.is



göðgæti frá Jóa Fel

Kökur og kruðurí að hætti Jóa Fel

Bakaríð við Hringbraut er opið alla virka daga frá kl. 7 - 18
og frá kl. 8 - 17 um helgar.

Verið hjartanlega velkomin.



BAKARÍ

Holtagarðar & Smáralind & Kringlan & Garðabær & Hringbraut



Viðhaldsvinna við Mýró

Þessa dagana stendur yfir viðhaldsvinna við gömlu kennara- byggingu við Mýrarhúsaskóla. Starfsmenn þjónustumiðstöðvar

Seltjarnarnesbæjar hafa að undanförnu verið önnur kafnir við að skipta um þak á byggingunni áður en vetur gengur í garð.



HÚSAVIÐGERÐIR.IS

Mat á velliðan og námi leikskólabarna

... Seltjarnarnesbær í samstarf við Samstarf RannUng



Undirritun samstarfssamningsins fór fram í húsnæði Menntavísindasviðs við Stakkahlíð. F.v. eru Arna H. Jónsdóttir sem undirritaði samninginn yfir hönd stjórnar RannUng, Ásgerður Halldórsdóttir bæjarstjóri á Seltjarnarnesi, Gunnar Einarsson bæjarstjóri í Garðabæjar, Magnús Baldursson sem undirritaði samninginn fyrir hönd Hafnarfjarðar, Haraldur Sverrisson bæjarstjóri í Mosfellsbæjar og Anna Birna Snæbjörnsdóttir frá Kópavogsbæ.

Ásgerður Halldórsdóttir, bæjarstjóri á Seltjarnarnesi undirritaði á dögunum samstarfssamning f.h. Seltjarnarnesbæjar við Rannsóknarstofu í menntunarfræðum ungra barna (RannUng) um Mat á velliðan og námi leikskólabarna. Verkefnið er hluti af samstarfssamningi sveitarfélaganna í Kraganum við RannUng.

Markmið samstarfsins er að auka þekkingu á leikskólastarfi í sveitarfélögunum og stuðla að auknum gæðum í leikskólastarfi. Verkefnið verður unnið með þátttöku Leikskóla Seltjarnarness og snýst um rannsókn á innleiðingu námsmats í anda leiðbeininga frá mennta- og

menningarmálaráðuneytinu. Náms- sögum og uppeldisfræðilegum skráningum, ásamt verkum barna verður safnað í ferilmöppu fyrir hvert barn. Á árunum 2015 til 2018 verða haldin námskeið fyrir kennara og annað starfsfólk leikskólans og innihald ferilmöppu þróað.

Þetta er ekki fyrsta samstarfs- verkefni Seltjarnarnesbæjar og Leik- skóla Seltjarnarness við RannUng, en á árunum 2012 til 2014 var unnið að rannsóknarverkefni Leikum, lærum og lífum sem er innleiðing grunnþátta aðalnámskrár leikskóla og mun afrakstur af því verkefni koma út í bók með því heiti á næstunni.



KOMDU MEÐ BÍLINN Í FRÍA TJÓNASKOÐUN

Vottað réttinga- og málingarverkstæði

GB Tjónaviðgerðir er réttinga- og málingarverkstæði vottað af Bilgreinasambandinu. Við tryggjum hámarksgæði með því að nota fyrsta flokks tækjabúnað og efni. Styðjumst við tækniupplýsingar framleiðanda um hvernig skuli staðið að viðgerð.



Tjónaskoðun
Við skoðum bílinn og undirbúum tjónamatíð sem sent er til tryggingafélaga.



Framrúðskipti
Skiptum um framrúður og önnur annars konar rúðskipti. Sjáum um öll rúðutjón jafnt limdar rúður sem og aðrar, ásamt glerhreinun á bil.



Mössun / snyrting á lakk
Við bjóðum upp á ráðleggingar og gerum tilboð í lakkmössun og blettanir.



Dekkþjónusta
Sparaðu tíma. Við getum skipt um dekk á bílnum á meðan hann er í viðgerð.



Rétting og máling
Við vinnum eftir stöðlum framleiðanda og notum aðeins viðurkennd efni og tækjabúnað sem stenst ítrustu kröfur.



Bilapvottur / djúphreinsun
Bjóðum við upp á almennan bilapvott, djúphreinsun, bón ofl. Frir þvottur fylgir öllum viðgerðum.



Innréttingar / skilæði
Tökum að okkur viðgerðir á sætum, innréttingum ofl.



Smáviðgerðir
Samhliða viðgerðum getum við skoðað ástand helstu slittflata og öryggisþátta, s.s. bremsur.

Dragháls 6-8 • 110 Reykjavík sími 567 0690
netfang tjon@tjon.is • www.tjon.is




Styrktu Gróttu með hverjum lítra!

Gróttu-lykillinn veitir þér aukinn afslátt hjá Orkunni og Shell auk þess sem 1 kr. af hverjum keyptum lítra rennur til Gróttu.

Sæktu um lykil á **Orkan.is/grotta** og við sendum þér sérmerktan Gróttu-lykil heim að dyrum. Þú getur einnig hringt í 578 8800 og látið breyta núverandi Orkulykli í Gróttu-lykil.



2kr. viðbótarafsláttur á Pinni stöð



Veldu Þína Shell- eða Orkustöð á **www.orkan.is** og fáðu **2 krónu viðbótarafslátt** á þeirri stöð, ofan á þann afslátt sem þú hefur í dag. Við mælum með að allir stuðningsmenn Gróttu velji sér Orkuna á Eiðistorgi sem sína stöð enda er hún Gróttu-stöðin okkar.


ORKAN
AFSLÁTTUR VINSTRI HÆGRI!

Símanúmer þjónustuvers: **578 8800**

Menningarhátíð á Seltjarnarnesi

Sannkölluð menningarveisla var á Seltjarnarnesi dagana 15. til 18. október sl. en þá stóð Seltjarnarnesbær fyrir sérstakri menningarhátíð. Katrín Pálsdóttir formaður menningarmálanefndar setti hátíðina í Galleri Gróttu á Eiðstorgi fimmtudaginn 15. okt. og félagar úr Kammerkór Seltjarnarneskirkju sungu.

Síðan rak hver viðburðurinn annan allt til sunnudags. Hjónin Helgi Hrafn

Jónsson og kona hans Tina Dickow settu sterkan svip á hátíðina en Helgi er bæjarlistamaður Seltjarnarnesbæjar á þessu ári. Þau eru bæði tónlistarfólk og hafa farið víða um lönd með list sína. Of langt er að telja alla viðburði upp sem skiptu tugum. Mál manna er að sérstaklega vel hafi tekist til um allan undirbúning og skipulag menningarhátíðarinnar en hvarvetna voru Seltirningar í fyrirrúmi. Myndirnar voru teknar við hin ýmsu tilefni á menningarhátíðinni.



Öll rúnstykki á

80 kr.

Bergstaðastræti 13 - 101 Reykjavík - Sími 551 3083 - www.bernhoftsbakari.is

Bæjarstjórn krefst breytinga á tekjustofnum sveitarfélaga

Bæjarstjórn Seltjarnarness hefur skorað á ríkisstjórn Íslands að beita sér fyrir nauðsynlegum breytingum á tekjustofnum sveitarfélaga til að tryggja að þeir séu í samræmi við þau verkefni sem sveitarfélögunum eru falin. Í greinargerð með áskoruninni segir m.a. að í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árin 2014 til 2018 skulu sveitarfélögum tryggðir nauðsynlegir tekjustofnar í samræmi við þau verkefni sem þeim eru falin í stjórnarskrá og lögum. Þeir skulu vera nægjanlega fjölbættir og sveigjanlegir í eðli sínu svo þeir geti staðið undir þeirri fjölbreyttu þjónustu sem íbúar þeirra kalla eftir. Bæjarstjórnin bendir á að við núverandi aðstæður sé vart hægt að halda því fram að tekjustofnar sveitarfélaga standi undir þessum markmiðum.

Bæjarstjórnin bendir á að á meðal þeirra breytinga sem brýnt sé að gera og nefndar eru í stefnumörkun Sambands íslenskra sveitarfélaga séu að starfsemi sveitarfélaga eigi ekki að mynda skattstofna fyrir ríkið. Til að koma í veg fyrir það sé nauðsynlegt að endurskoða gagngert þær reglur sem gilda um endurgreiðslu virðisaukaskatts af almennri starfsemi og fjárfestingum sveitarfélaga. Þá segir að öll mannvirki verði háð fasteignamati og jafnframt verði allar undanþágur frá álagningu fasteignaskatts felldar niður. Krafist er að sveitarfélög fái hlutdeild í almenna hluta tryggingargjaldsins til að standa undir aukningu á kostnaði við fjárhagsaðstoð og virkniurræðum fyrir notendur félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá segir að skattkerfisbreytingar sem tryggja að sveitarfélög fái í fjármagnstekjuskatti hlut af arðgreiðslum til eigenda fyrirtækja séu nauðsynlegar. Sveitarfélög fái einnig hlutdeild í sköttum af umferð; í bensínskatti og olíugjöldum, til að standa að hluta undir útgjöldum þeirra vegna viðhalds- og stofnkostnaðar við gatna- og vegagerð.

Umferðatruflun við Nesveg

Nokkur truflun verður á umferð um Nesveg á næstunni vegna þess að í byrjun október var hafist handa við að koma fyrir dælustöð á Elliðalóð við veginn. Dælustöðin sem er úr forsteyptum einingum verður sett í jörðu. Gert er ráð fyrir að verkið taki um mánuð en ganga á frá þessum hluta framkvæmdarinnar í þessum áfanga.

Í framhaldi af því og samhliða framkvæmdinni verður hafist handa við að koma fyrir þrýstilögn sem liggur frá dælustöðinni upp að Nesvegi og niður Sörlaskjólíð. Þrýstilögn verður tengd við lagnir sem liggja í dælustöð í Faxaskjólí. Þá verður fráveitulögn bæjarins tengd við dælustöð og lagnir frá henni tengdar í útrásarlögnina. Samhliða þessu verða endurnýjaðar raflagnir í Nesveginum frá Sæbóli að Sörlaskjólí. Á meðfylgjandi teikningu sést staðsetning



Á meðfylgjandi mynd má sjá hvaða framkvæmdir eru á döfinni við veitumál á Seltjarnarnesi.

dælustöðvar, ásamt þeim fráveitulögnum sem lagðar verða. Íbúar við Nesveg og Suðurmýri kunna að verða fyrir óþægindum vegna

framkvæmdanna þar sem lokað verður fyrir umferð tímabundið um hluta Nesvegar og henni beint um hjáleið í gegnum Suðurmýri.

Ný verslun
Grandagarði 31
verðið velkomin

Tímalaus hönnun - kynslóð eftir kynslóð

Kökunifur með norðurljósa munstri

Sultuskeið með íslenskum steini

Vatnajökull - skál

Jens

Grandagarði 31 | Kringlunni | Smáralind | www.jens.is

Félag eldri borgara er næsta verkefni

Magnús Oddsson fyrrum ferðamálastjóri var kjörinn formaður nýstofnaðs Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi á dögunum. Magnús hóf ferli sinn sem kennari en ferðamálin heilluðu hann þó snemma. Hann starfaði sem fararstjóri á árunum um og eftir 1970 þegar íslenskur almenn-ingur var að stíga sín fyrstu spor á erlendum grundum. Magnús starfaði einnig að flugmálum um tíma - meðal annars að markaðsmálum Arnarflugs um og eftir 1980. Hann tók síðar við starfi ferðamálastjóra og gegndi því fram að eftirlaunaaldri. Magnús hefur búið á Seltjarnarnesi í áratugi og þekkir Nesið ekkert síður en fjarlægari lendur. Magnús spjallaði um Nýtt Félag eldri borgara eða heldri borgara á Seltjarnarnesi, lífshlaup sitt og störf, ferðamálin og Nesið við Nesfréttir á dögunum.

Hann segir það hafa komið sér á óvart þegar hringt var til hans 11. september á þeim fræga degi og hann var spurður hvort hann væri til í að taka að sér formennsku í Félagi eldri borgara á Seltjarnarnesi. Hann kveðst ekki hafa verið virkur í félagsstarfi þeirra og ef til vill ekki litið á sig sem eldri borgara fyrr en þetta gerðist. Hann kveðst hafa hugsað málið fram og til baka og rætt það við fjölskylduna og séð að hann gæti haft tíma til að sinna þessu og þegar til kastanna kom einnig ákveðin vilja. „Að þessum hugleiðingum loknum ákvað ég að gefa kost á mér til að sinna þessu verkefni og ég var síðar kosinn formaður á stofnfundi daginn eftir þann 12. september og sit nú í stjórn með mjög góðu fólki.“

Farsæl og skemmtileg síðari ár

Magnús segir vonum seinna að stofnað hafi verið Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi vegna þess að í sveitarfélaginu sé hæsta hlutfall eldri borgara af öllum sveitarfélögum landsins. Á sama tíma megi líka spyrja hvaða hagsmunamálum eigi að vinna að vegna þess að samkvæmt Gallup könnunum séu eldri borgar hvergi ánægðari en á Seltjarnarnesi. „Ég held að stofnun félagsins sé ágæt byrjun. Félagið



Magnús Oddsson nýkjörinn formaður Félags eldri borgara á Seltjarnarnesi.

er að fara af stað og verður síðan meðlimur í Landssambandi eldri borgara með þeim fríðindum og skyldum sem því fylgja. Þá mun koma að því að stofna öldungaráð á Seltjarnarnesi ásamt bæjarfélaginu þar sem þrír fulltrúar verða frá félaginu og tveir frá bænum. Þetta er allt í mótun enn sem komið er enda félagið ekki gamalt. Hvað öldungaráðið á síðan að gera verður verkefni okkar félagsmanna og sveitarfélagsins. Á hinn bóginn verður fyrsta verkefni félagsins að efla það bæði félagslega og fjárhagslega og einkum með því að ná til sem flestra borgara á Seltjarnarnesi sem komnir eru um og á eftirlaunaaldur.“

Magnús segir að síðan verði unnið að ýmsum hagsmunamálum og sum þeirra hafi verið rædd á stofnfundinum. „Meginmarkmiðið er að stuðla að því að eldra fólk eigi eins farsæl og skemmtileg síðari ár og full af lífsyllingu. Allar aðstæður eru fyrir hendi. Bæjarfélagið er litið landfræðilega séð sem gerir það að verkum að flest verður auðveldara að hafa við hendina og innan seilingar. Auðveldara er að ná fólki saman í landfræðilega litlu sveitarfélagi. Af því sem ég hef náð að kynna mér eftir að ég tók við formennskunni á er ég spenntur fyrir þessum málum.“

kennt um þrjú þúsund nemendum í Vesturbænum í Reykjavík. Þannig líður varla sá dagur að ég rekist ekki á einhvern eða einhverja sem ég átti samskipti við á þeim árum.“

Ferðamálin yfirtóku kennsluna

En Magnús fór snemma að fást við ferðamál. Fyrsti með kennslunni en síðar snéri hann sér alfarið að þeim. Hann segir það hafa byrjað í löngum sumarfríum kennara á þeim tíma. „Þá var algengt að kennarar leituðu sér að annarri vinnu á sumrin. Ég fór fljótlega um 1974 að vinna við fararstjórn erlendis og þá aðallega á Spáni. Við vorum við þetta í mörg sumur og öll jól, páska og áramót og auk þess að vera á Spáni þá fórum við með hópa til fjölmargra landa á þessum árum. Síðan leiddist þetta smám saman út í að ferðamálin yfirtóku kennsluna hægt og bitandi þannig að eftir 15 ár í Hagaskóla fór ég alfarið út í ferðamálin og flugmálin.“

Heppilegra að hafa búsetu erlendis

Magnús var ráðinn yfirmaður markaðsmála hjá Arnarflugi sem þá var starfandi hér á landi í Evrópu. „Á þeim tíma þótti heppilegra að hafa fasta búsetu á meginlandinu til að sinna þeim störfum og því settumst við hjónin að í Hollandi og bjuggum þar samtals í þrjú ár. Það var ánægjulegur tími en þessu starfi fyldu mikil ferðalög þannig að ég var meira og minna á flakki út um alla Evrópu og víðar.“

Þótt Magnús byggi ekki nema um þrjú ár í Hollandi varð starfstími hans í flug- og ferðaþættinum eins og hann orðar það um áratugur. „Veran erlendis átti ágætlega við okkur. Alla vega upp að vissu marki. Við höfum alls búið í þremur löndum. Við vorum í Hollandi og einnig á Spáni þar sem við dvöldum mjög mikið. Ég tók námsleyfi frá kennslu á meðan ég starfaði við hana og þá dvöldum við í Danmörku og áttum ánægjulegt ár þar. Því var mikill flækingur á okkur á tímabili og á þessum tíma áttum við jól og áramót í átta mismunandi löndum. Þetta kom til vegna fararstjórnar út um allt og einnig vegna búsetu.“

Kenndi um þrjú þúsund Vesturbæingum

Þrátt fyrir langa búsetu á Seltjarnarnesi er Magnús ekki innfæddur Nesbúi. „Nei – ég er það ekki. Ég er fæddur á Akranesi og tel mig vera Skagamann. Ég ólst upp á Skaganum þar sem mér leið mjög vel og ég átti geysilega skemmtilega æsku. En eins og þá var síður á Akranesi fórum við eftir grunnskóla í Menntaskólann á Akureyri. Ég var einn af þeim sem fór þangað og eignaðist marga félagi á menntaskólaárunu mínum sem mynda ákveðinn vinahóp. Við reynum að halda sambandi og nokkrir félagar hittumst reglulega enn þann dag í dag og borðum saman fisk einu sinni í viku. Ég hafði lengi haft áhuga á kennslu og eftir veruna í Menntaskólanum á Akureyri fór ég að kenna og fékk mér kennararéttindi. Kennslan varð fyrsta starfið mitt. Ég kenndi við Hagaskóla í Reykjavík í fimmtán ár og segi það oft að ég hafi kennt einni kynslóð Vesturbæinga. Ég starfaði ekki við bekkjarkennslu heldur sinni kennslu í raungreinum þannig að ég komst í tengsl við flesta nemendur sem fóru í gegnum skólann þennan tíma. Samkvæmt mínum bókum sem ég á allar með umsögnum um nemendur frá þessum árum telst mér að ég hafi

Sumir þurftu að hlaupa af sér hornin

Þegar Magnús starfaði sem fararstjóri voru margir Íslendingar að stíga sín fyrstu spor á erlendri grundu og margir á Spáni eða í löndum sem gjarnan voru nær Miðjarðarhafinu og oft kölluð sólarlönd hér heima. „Við fengum að taka þátt í þessu frá upphafi. Á árunum 1974 til 1976 fór af stað mikið leiguflug til Spánar. Þarna voru stórar ferðaskrifstofur með fjölda ferða sem opnuðu mörgum leið til ferðalaga og segjast verður að alveg eins og er að þarna þurftu sumir að hlaupa af sér hornin. Því gat stundum verið skrautlegt að sinna fararstjórn á Spáni á þessum árum. Um þennan tíma í ferðasögu landans mætti skrifa heila bók þótt tæpast væri hægt að segja frá öllu sem maður upplifði. En allt gekk þetta þó vel en gat stundum tekið nokkuð á.“

Höfum um nóg að tala tæpum fimmtíu árum síðar

Magnús skrapp á Hótel Loftleiðir 30. ágúst 1968 til að hitta kunningjana. Þar hittu hann unga stúlku og þau tóku tal saman. Og nú tæpum 50 árum síðar eru þau enn að tala saman og það sem meira er að sögn Magnúsar. Þau hafa enn um



Fín þjónusta í Kína. Myndin tekin á ferð um Austur Kína í litlu þorpi í einu af fjölmörgum ferðalögum Magnúsar um allan heim.

nóg að tala. Þessi kona er Ingibjörg Kristinsdóttir, eiginkona Magnúsar sem starfaði lengi sem lyfjatæknir í Vesturbæjarapóteki og margir Nesbúar og Vesturbæingar muna eftir þaðan. „Hún vann í apótekinu og ég í Hagaskóla á þessum tíma og því umgengumst við marga Vesturbæinga. En við vorum líka á flakki á þessum árum bæði á Spáni og í Danmörku og síðar í Hollandi. Að því kom þó að við urðum að finna okkur einhvern varanlegan

samastað hér heima og hann fannst á Seltjarnarnesinu 1980. Við höfum haft fasta búsetu við Hofgarðana síðan. Við erum ein af frumbyggjunum við götuna en það sýnir breytingarnar sem orðið hafa á þessum 35 árum frá því að við fluttum þangað að í dag eru einungis frumbyggjar eftir í tveimur húsum við götuna. Önnur hús við þessa götu hafa fengið nýja eigendur og sum þeirra oftar en einu sinni. Okkur hefur liðið ákaflega vel við Hofgarðana.“

Fimm ára með um 350 flugtíma

„Við eignuðumst son 1985. Við tókum þá stefnu strax að taka hann með í nær öll ferðalög. Hann flæktist með okkur fram og til baka heimsálfa á milli og ég hef stundum sagt það til gamans því ég skráði ferðir hans að hann var kominn með um 350 flugtíma þegar hann var fimm ára. Það sýnir flækingin og ef til vill ekki óeðlilegt að hann festist í blóðinu. Strákurinn lærði nefnilega til atvinnuflugmanns. Um 1990 urðu svo aftur breytingar í lífi okkar. Við bjuggum þá í Hollandi og áttu fimm ára gamlan strák. Við urðum að velta fyrir okkur hvað við ættum að gera og þar kom væntanleg skólaganga hans við sögu. Okkur fannst rétt að hann færi í íslenska skólakerfið. Ég hafði séð mörg dæmi þess að ef krakkar byrjuðu í erlendum skólakerfum gæti verið erfitt að rífa þau út úr þeim og ég þekkti það sjálfur sem kennari. Við ákváðum því að flytja heim. Við áttum húsið á Seltjarnarnesi. Höfðum aldrei leigt það út þannig að það stóð bara og beið eftir okkur. Á þessum tíma var auglýst laust starf ferðamálastjóra. Ég sá að þetta gæti hentað mér eftir áralöng störf að flug- og ferðamálum og sex ár í framkvæmdastjórn

Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016

Menningarnefnd Seltjarnarness auglýsir eftir umsóknum frá listamönnum búsettum á Seltjarnarnesi og/eða rökstuddum ábendingum um nafnbótina **Bæjarlistamaður Seltjarnarness 2016**.

Bæjarlistamaður Seltjarnarness skal vera reiðubúinn að vinna með menningarsviði bæjarins að því að efla áhuga á list og listsköpun á Seltjarnarnesi og taka þátt í viðburðum bæjarins með það að leiðarljósi.

Í umsókninni skulu koma fram ítarlegar upplýsingar um náms- og starfsferil viðkomandi og hugmyndir um á hvern hátt nýta eigi styrkinn við listsköpun.

Nafnbótinni fylgir starfsstyrkur að upphæð einni milljón króna. Umsækjendur eru beðnir um að haga umsóknum í samræmi við reglur um Bæjarlistamann sem finna má á heimasíðu bæjarins www.seltjarnarnes.is.

Umsóknum og/eða ábendingum skal skilað á Bæjarskrifstofur Seltjarnarness, Austurströnd 2, 170 Seltjarnarnesi merkt: „**Bæjarlistamaður 2016**“ eða á netfangið soffia.karlsdottir@seltjarnarnes.is fyrir **25. nóvember**.

Menningarnefnd Seltjarnarness



SELTJARNARNESBÆR

Ferðamálaráðs og fyrsta apríl það ár tók ég við þessu starfi.“ Magnús segir að þá hafi þriðji kaflinn í sögu sinni og lífi þeirra Ingibjargar orðið til. „Ef ég skipti atvinnusögu minni í þrennt þá kemur kennslutímabilið fyrst, tímabilið í einkageiranum þar sem ég starfaði að flug- og ferðamállum og síðan þriðji kaflinn sem ferðamálastjóri og ríkisstarfsmaður. Ég sinnti því til ársins 2008 að ég ákvað að fara á eftirlaun þá kominn á 95 ára regluna svonefndu.“

Ótrúlegur fjársjóður

„Eftir svo langa starfsævi, 15 ár í kennslu, 10 ár í flug- og ferðamállum í einkageiranum og 17 ár hjá því opinbera að ferðamállum fer ekki hjá því að ég hef kynnst fjölda fólks. Mér finnst ótrúlegur fjársjóður falin í að hafa átt snertiflöt við svo marga einstaklinga og orðið málkunnugur fjölda fólks. Þegar maður lítur til baka kemur það góða ætíð fyrst í hugann. Ég er ekki viss um að fólk afli sér í dag jafn mikilla persónulegra samskipta. Margt fer nú fram með rafrænum hætti og það verður aldrei eins að spjalla við fólk á netinu og í síma eða augliti til auglits. Ég óttast að þessi tengsl sem maður ávann sér í störfum sínum minnki með tilkomu nýrra miðla og breyttrar samskiptatækni. Þess má geta að allan þann tíma sem ég starfaði sem ferðamálastjóri vann ég nánast eingöngu með tveimur ráðherrum. Halldóri Blöndal og Sturlu Böðvarssyni, en þeir voru ráðherrar ferðamála í samtals 16 ár. Þeir eru mjög ólíkir að vinna með en reyndust mér ákaflega vel og ég átti ánægjuleg samskipti við þá báða bæði í daglegu starfi og ekki síður á fjölmörgum ferðalögum víða um heim þar sem gott tækifæri gafst til kynna.“

Þriðja hliðin

Magnús segir að menn eigi sér oft það sem kalla megi þriðju hliðina. „Þrátt fyrir að hafa starfað í þessum þremur megin atvinnuþáttum þá fléttaðist ýmislegt annað inn í þetta.

Ég hafði áhuga á ýmsum málum. Þar á meðal íþróttum. Ég var beðinn um að taka að mér formennsku í framkvæmdanefnd HM í handbolta sem var haldið hér á landi 1995. Ég hafði verið í handbolta á mínum yngri árum en ekki stundað hann lengi. En ég tók þetta að mér og þetta var um margt skemmtilegur tími. Ég hafði líka haft áhuga á golfi og verið tengdur því. Sonur okkar var líka mikið í golfi og í framhaldi af því fór ég í stjórn Golfklúbbs Reykjavíkur og hef verið þar í tíu ár. Þegar ég fór á eftirlaun var ég spurður um hvort ég væri til í að vera með í samstarfsverkefni golphreyfingarinnar og ferðapjónustunnar sem fékk nafnið Golf Iceland. Ég hef verið stjórnarformaður þess verkefnis frá 2008. Sit þar í stjórn með fulltrúum Icelandair, Golfsambands Íslands, Radisson Blu Hótel Sögu o.fl. og hef ákaflega gaman af að sinna því. Þarna er verið að vinna að því að koma íslenskum golfvöllum á framfæri erlendis í samvinnu við ferðapjónustuna. Ég kalla þetta stundum tómsundagamanið mitt en þetta er auðvitað fyrst og fremst markaðstarf. Ég er í þessu af áhuga en ef ég kemst á golfvöllinn í tómsundum þá fer ég þangað. Ég kalla mig ekki kylfing. Ég reyni það ekki vegna þess að ég er fyrst og fremst að þessu vegna útiveru, félagssskapar og hreyfingar. Á liðnu sumri náði ég að fara á milli 60 og 70 sinnum í golf á yfir 10 mismunandi völlum. Ef ég væri að því vegna árangurs væri ég löngu hættur. Ég hef mjög gaman af þessu.“

Ræktar garðinn í Grímsnesinu

Þau hjónin eiga sér fleiri áhugamál. Ingibjörg er mikil garðyrkjuáhuga- og ræktunarmanneskja og hefur ræktað ótrúlegan garð heima í Hofgördunum. Við festum líka kaup á sumarhúsi og um tveggja hektara landi austur í Grímsnesi fyrir um aldarfjórðungi. Til að fá enn meiri útrás fyrir þetta áhugamál sitt þá hefur hún ræktað þessa hektara upp. Þarna er nú kominn skógur aðallega greni, fura og lerki og fleiri

togundir. Þarna má segja að við eigum okkar annað heimili. Ég er ekkert í þessari ræktun allri að öðru leyti en sem verkamaður hjá henni. Ég er bara vinnumaður í sveitinni. Okkur skortir ekkert áhugamál eða viðfangsefni nú á eftirlaunátímanum og nú bættist enn við verkefni sem er formennska í Félagseldri borgara.“ Magnús segir að félagsstörf hafi alltaf fylgt sér þrátt fyrir að hann sé ekkert fram úr hófi félagslyndur að eðlisfari. „Einhverra hluta vegna hef ég dregist að ýmsum félagsstörfum. Ég hef setið í fjölmörgum nefndum, ráðum og stjórnum um ævina bæði innanlands og utan. Ég hef ekkert sóst sérstaklega eftir þessu en það hefur oftast komið til vegna starfa minna einkum að flug- og ferðamállum.“

Fá fleiri félaga til liðs við okkur

Magnús segist ekki hafa farið aftur í fararstjórnina eins og þó sé þekkt að menn geri þegar eiginlegum starfstíma lýkur. „Nei – ég hef ekki

gert það. Við förum út nokkrum sinnum á ári en nú undir öðrum formerkjum. Ég fór t.d. á gömlu slóðirnar í kringum Malaga 2002 og varð fyrir hálfgerðum vonbrigðum. Mér fannst ég varla þekkja mig. Flest var orði svo breytt. Mig minnir að ég hafi fundið eitt kaffihús á Torremolimos sem var eins og smábátahöfnin á Marbella hafði nær ekkert breyst. Þá var búinn að vera talsverður uppgangstími á Spáni en þegar ég byrjaði að fást við fararstjórn var Franco enn við völd. En þegar við hættum var þar konungsríki. Þannig að við upplifðum breytinguna. Þetta var eiginlega eins og svart og hvítt að bera saman. Við höfum líka farið talsvert til Danmerkur og Hollands en þar eru breytingarnar mun minni og Danmörk er alltaf þessi gamla og góða eins og við þekkjum hana. En nú er næsta verkefni að snúa sér af krafti að Félagi eldri borgara á Seltjarnarnesi og mig langar til þess að nota tækifæri og hvetja sem flesta til að ganga til liðs við félagið.“

Hundar mega ekki ganga lausir

Vegna fjölda kvartana vill hundaeftirlit Seltjarnarness koma því á framfæri að samkvæmt samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi skal hundur aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er hundaeigenda skylt að fjarlægja saur eftir hund/hunda sína á tryggilegan hátt.

Ekki er leyfilegt að fara með hunda inn á skólalóðir og inn í skóla, samkomuhús, sundstaði, barnaleikvelli, matvöruverslanir eða aðra opinberastaði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Hunda, sem ganga lausir á almannafæri, er dýraeftirlitsmanni heimilt að handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sé skráður hundur handsamaður skal tilkynna eiganda hans

strax um handsömun hans og hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Hafi óskráður hundur verið handsamaður er óheimilt að afhenda hann fyrr en að skráningu lokinni og þegar gjald fyrir handsamaðan hund hefur verið greitt. Sé hunds eigi vitjað innan einnar viku skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda, hann seldur fyrir áföllum kostnaði eða hann aflífaður.

Hafi eigandi ástæðu til að ætla að hundur hans sé grimmur eða varasamur skal hann sjá til þess að hann sé ávalt mýldur utan heimilis síns. Hafi hundur bitið mann og/eða er hættulegur getur dýraeftirlitsmaður í samráði við heilbrigðisfulltrúa tekið ákvörðun um að hundur verði aflífaður þegar í stað.

Hér er aðeins vitnað í nokkur atriði, sem eru í samþykkt um hundahald á Seltjarnarnesi. Hundaeigendur kynnið ykkur endilega samþykktina sem er að finna á vef bæjarins.

Fyrir hönd hundaeftirlits Seltjarnarness.
Margrét Pálsdóttir, formaður umhverfisnefndar.



ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi ÚTFARARÞJÓNUSTA SÍÐAN 1996

Vaktsímar: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is • Allan sólarhringinn



ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA

FÉLAGSSTARF ELDRÍ BÆJARBÚA Á SELTJARNARNESI

Haustdagskráin hefur farið vel af stað. Góð þátttaka er í öllum námskeiðum og dagskrárliðum. Aukinn spilaáhugi hefur gert vart við sig og nú er spilað nánast alla daga ýmist í skipulögðum eða sjálfspottnum hópum.

Haustfagnaður var haldinn á Skólabraut fimmtudaginn 24. september. Þar kom fólk saman og borðaði góðan mat, naut samverunnar og skemmti sér við söng og dans fram eftir kvöldi. Grillvagninn sá um matinn og Vordís söng undir stjórn Þorvaldar harmonikkuleikara.

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi FebSel var stofnað 12. september sl. Fyrstu stjórn nýstofnaðs félags skipa, formaður Magnús Oddsson, aðrir í stjórn eru Guðmar Marelsson, Hildur Guðmundsdóttir, Þorleifur Jónsson og Petrea Ingibjörg Jónsdóttir. Til vara Stefán Bergmann og Þóra Einarsdóttir.

„ÓVISSUFERÐ“ 22. október 2015 kl. 10.00.

Það er orðinn fastur liður í samstarfi kirkjunnar og félagsstarfsins að fara saman í tvær óvissuferðir á ári. Að þessu sinni ætlum við að í Reykholt í Borgarfirði. Fara stjórn verður Guðmundur Einarsson. Skráningarblöð liggja frammi í kirkjunni, á Skólabraut og Eiðismýri. Einnig er hægt að skrá sig í síma 8939800.

Vert er að minna á eftirfarandi dagskrárliði í félagsstarfinu og hvetja fólk til þátttöku.

Kaffikrúkur alla morgna kl. 10.30.

Handavinna mánudaga og miðvikudaga í salnum Skólabraut kl. 13.00.

Jóga mánudaga og fimmtudaga salnum Skólabraut kl. 11.00.

Karлакaffi í safnaðarheimili kirkjunnar alla þriðjudaga og fimmtudaga kl. 14.00.

Söngur alla föstudaga í salnum Skólabraut kl. 13.00. Allir hjartanlega velkomnir.

Bókband alla fimmtudaga kl. 9.00.

Timburmenn Valhúsaskóla alla miðvikudaga kl. 13.00.

Gaman saman í selinu miðvikudaginn 28. október kl. 20.00.

Félagsvist verður í salnum á Skólabraut fimmtudaginn 5. nóvember og þriðjudaginn 17. nóvember kl. 13.30.

Bingóíð í golfskálánum verður svo fimmtudaginn 12. nóvember kl. 14.00.

Snyrtivörkuning verður í salnum á Skólabraut þriðjudaginn 9. nóvember kl. 14.00.

Bókasafn Seltjarnarness. Bókmenntakvöld þriðjudaginn 3. nóvember kl. 19.30. Tónstafir fimmtudaginn 5. nóvember kl. 17.30. Sýningaropnun í Galleri Gróttu fimmtudaginn 12. nóvember kl. 17.00.

JÓLAHLAÐBORÐ Á HÓTEL ÖRK MIÐVIKUDAGINN 9. DESEMBER.

Nú ætlum við að breyta aðeins út af vananum og skella okkur á Hótel Örk í desember. Boðið er upp á jólahlaðborð með gistingu og morgunverði og einnig án gistingar. Skemmtun og dansleikur. Byrjum skráningu 20. október þar sem hótelið þarf góðan fyrirvara á skráningu vegna mikillar eftirspurnar. Skráningarblöð liggja frammi á Skólabraut og allar nánari upplýsingar gefur Kristín í síma 8939800.

UMHVERFISHORNIÐ



Einfalt að velja hollara

Skráargatið

Skráargatið er opinbert merki sem finna má á umbúðum matvara sem uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna. Markmiðið með Skrárgatinu er að neytendur geti á einfaldan hátt valið hollari matvöru.

Vörur sem bera merkið eru hollari en aðrar vörur í sama flokki sem ekki uppfylla skilyrði til að bera merkið. Auk þess að vera upplýsandi fyrir neytendur hvetur slíkt merki matvælaframleiðendur til að þróa hollari vörur og stuðlar þannig að auknu úrvali af hollum matvælum á markaði.

Val þitt á matvörum hefur áhrif á heilsu þína

Skráargatið auðveldar hollara val og þar með að fara eftir opinberum ráðleggingum um mataræði, því matvörur sem bera merkið verða að uppfylla ákveðin skilyrði varðandi samsetningu næringarefna:

- Minni og hollari fita
- Minni sykur
- Minna salt
- Meira af trefjum og heilkorni

Skráargatið er samnorrænt opinbert merki

Skráargatið hefur verið í notkun í Svíþjóð í tæplega 20 ár og er orðið vel þekkt þar í landi. Árið 2009 var merkið einnig tekið upp í Noregi og Danmörku og varð þannig að samnorrænu opinberu merki en skilgreiningarnar á bak við Skráargatið voru þróaðar áfram og eru enn í endurskoðun.

Reglugerð um upptöku Skráargatsins hér á landi tók gildi haustið 2013. Á Íslandi standa Matvælastofnun og Embætti landlæknis á bak við Skráargatið og Matvælastofnun og Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sjá um að farið sé eftir reglum um notkun merkisins. Framleiðendum er frjálst að nota Skráargatið á þær vörur sem uppfylla skilyrði til að bera merkið.

Heimildir: Matvælastofnun

F.h. umhverfisnefndar,
Margrét Pálsdóttir, formaður.



Reynsla mín er okkar beggja hagur

S. 690 0820

Sveinn Eyland
Löggiltur fasteignasali
sveinn@landmark.is

LANDMARK
FASTEIGNASALA

Hef fagmennskuna alltaf í fyrirrúmi

...segir Laufey Birkisdóttir í Leila Boutique á Eiðistorgi




Laufey Birkisdóttir á snyrtistofunni Leila Boutique á annarri hæðinni á Eiðistorgi.

Laufey Birkisdóttir er búin að starfa á Eiðistorgi í hartnær tvö ár. Hún rekur snyrtistofuna Leila Boutique og býður þar allar almennar snyrtimeðferðir með Clarins og förðun. Hún kveðst í spjalli við Nesfréttir nýverið byrjað með sérhæfðar meðferðir, sem eru fræg húðmeðferð hönnuð af lýtalæknum og heitir Dermatude og allar aðalstjörnurnar í Hollywood nota. „Þessi meðferð kemur í staðinn fyrir botox eða samhliða þeim. Hún örvar collagenið á náttúrulegan hátt og teygjanleika húðarinnar ásamt því að vera góð hreinsun. Þá geri ég Nouveau Contour húðflúr á augabrúnir, augnlínu og varir og varanlega háreyðingu eða épilast.“

Laufey segir það eiga sér nokkra sögu að hún valdi þessa leið. Hún er fædd og uppalin á Akureyri og kveðst hafa verið svo heppinn að hafa verið send að heiman

til Englands til að læra ensku. „Fjölskylda mín rak Amaró Akureyri og átti viðskipti víða um heim og nauðsynlegt var talið að kunna nokkur tungumál. Ég fór líka á viðskipta og tæknibraut í Englandi. Ég held að fáar stelpur hafi valið þá leið á þeim tíma og það var því algjör nýjung. Snyrtifræðin kom svo í kjölfarið því ég lærði hana ásamt förðun og nuddi í Englandi og tók CIDESCO alþjóðlegt próf sem er meistaraþróf í þeim fræðum. Ég var erlendis í um sex ár og vann einkum fyrir heilsuhæli og starfaði einnig við förðun í leikhúsi. Ég fór síðan að vinna fyrir Guerlain í Englandi og lærði hjá þeim í París og síðan vann ég hjá þeim heima. Eftir það ákvað ég að setja upp Guerlain snyrtistofu og var svo heppin að hafa hana Francise. Ég rak Guerlain snyrtistofuna í níu ár og farðaði einnig á þeim tíma mörg andlit bæði þekktra og óþekktra. Ég



„Ég reyni að gera mitt besta og gæta þess að hafa fagmennskuna í fyrirrúmi,“ segir Laufey sem hér er að störfum á snyrtistofunni.

hef unnið fyrir tímarit, tískusýningar fegurðarsamkeppnir og einnig fyrir leiklistina.“

Bjó á Seltjarnarnesi og kynntist bænum vel

Laufey er ekki ókunnug Seltjarnarnesi því hún bjó á þar í um níu ár. Kynntist bænum vel og þykir vænt um hann. „Mér líður mjög vel hér á torginu. Ég er með marga fasta viðskiptavini sem koma til mín. Bæði af Nesinu en fólk er að koma alls staðar að til mín og eyða hér stund og fá vellíðan og fallegra útlit.“ Laufey segir aldur viðskiptavinarins ekki skipta máli. „Nei – aldurinn skiptir ekki neinu máli. Viðskiptavinir mínir eru á eru á aldrinum frá 14 ára upp í

96 ára. Þetta er gott fólk sem mér þykir vænt um. Ég reyni líka að gera mitt besta og gæta þess að hafa fagmennskuna í fyrirrúmi.“ Laufey segir áhugamálin nokkuð tengd starfinu. „Já – þau eru það að hluta. Starfið felst í að fylgjast með tiskunni og hvað er að gerast í heimi förðunarinnar. Starfið og áhugamálin fara nokkuð saman. Ég hef líka gaman af að hlæja, ég stunda líkamsrækt og sund, fer á skíði og er aðeins farin að kynna mér golf. Er komin í smá golfkennslu. Og svo er það fjölskyldan. Ég er svo lánsöm að eiga tvö yndisleg börn og svo fékk ég að höndla hamingjuna á ný með Garðari Kjartanssyni sem tekur mér opnum örmum inn í líf sitt, fær mig til að hlæja og hvetur mig til dáða,“ segir Laufey Birkisdóttir.

FERSKUR FISKUR DAGLEGA

MIKIÐ ÚRVAL SPENNANDI FISKRÉTTA

VERIÐ VELKOMIN



Nesvegur 100
Símar 562-1070, 896-4243
Opnið virka daga kl. 10 - 18:30



Félag eldri borgara stofnað á Seltjarnarnesi

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi (FebSel) var stofnað 12. september sl. Á stofnfundinum voru samþykkt lög fyrir félagið og kosin stjórn. Í stjórn eru: Magnús Oddsson formaður, Petrea Jónsdóttir varaformaður, Guðmar Marelsson gjaldkeri, Þórlleifur Jónsson ritari og Hildur Guðmundsdóttir meðstjórnandi. Varamenn eru Stefán Bergmann og Þóra Einarsdóttir.

Allir einstaklingar á Seltjarnarnesi, sem eru 60 ára og eldri geta gerst félagar. Vitað er að nokkur hópur eldri borgara hér er nú félagar í FEB í Reykjavík og njóta þar ýmissa fríðinda m.a. með aðild að Landssambandi eldri borgara. Mikið hefur verið spurt um hvort þessi fríðindi skerðist ef fólk færir sig á milli félaga.

Félag eldri borgara á Seltjarnarnesi mun vera meðlimur í Landssambandinu frá og með áramótum. Þá munu félagar í félaginu njóta sömu fríðinda og afsláttá sem koma fram í afsláttarbókinni, sem margir þekkja enda er hún gefin út af Landssambandinu og dreift af aðildarfélögnum til félagsmanna.

Árgjöld hafa ekki verið ákveðin en gera má ráð fyrir að þau verði hliðstæð og í öðrum hliðstæðum félögum. Til þess að auka enn frekar samstarfið við sveitarfélagið um öll helstu hagsmunamál eldri

borgara er stefnt að stofnun sérstaks öldungaráðs sem fyrst, þar sem FebSel myndi eiga þrjá fulltrúa á móti tveim frá bænum.

Á stofnfundinum skráðu sig rúmlega 100 sem stofnfélaga. Eðlilega skiptir það miklu máli að félagar séu sem flestir til að það verði sem sterkast bæði félagslega og fjárhagslega og geti unnið sem best að þeim fjölmörgu hagsmunamálum eldri borgara, sem því eru falin í lögum félagsins.

Stjórn hefur ákveðið að gefa eldri borgurum á Seltjarnarnesi kost á að gerast stofnfélagar að félaginu með því að skrá sig fram að áramótum.

Skráning á netfanginu: feb@simnet.is Þar þarf að koma fram nafn, kennitala, heimilisfang og netfang. Einnig er hægt að hafa samband í þetta netfang ef óskað er eftir að fá lög félagsins send eða aðrar upplýsingar.

Með bestu ósk um gott og árangursríkt samstarf.
Magnús Oddsson, formaður.



Magnús Oddsson, formaður.



HEITUR MATUR Í HÁDEGINU OG Á KVÖLDIN

TAKTU MEÐ
eda
BORÐAÐU Á STAÐNUM

Alvöru matur



NES FRÉTTIR

www.borgarblod.is



Nærin, gefun, fegnan og skreytir!



MATUR SEM GEFUR!

Samlokur, kaffi, þeytingar, skot, súpur, kökur, chia-grautar og margt fleira.

Bragðgott & inniheldur mikla næringu.



FAGRAR BAGGU SKJÓÐUR!

Lungamjúkt umhverfisvænt leður.

Gamaldags sútunaraðferð.

3 stærðir af skjóðum.



SLÖKUN & HUGLEIÐSLA!

Íslenska Flothettan slær í gegn!

Gefur, nærir & skerpir sköpunargáfuna.

Flotahetta og fótaflot: 17.700 kr.



MERGJUÐ MÖNTRUBÖND!

Einföld og elegant armbönd með fínlegu yfirbragði.

Mínna á það besta sem lífið hefur fram að færa.

Næra, gefa, skreyta og fegra.

Silfrúð & gyllt. Á konur & karlmenn.

SUÐURSTRÖND 10, SELTJARNARNESI

Fyrir neðan sundlaugina og World Class.

www.facebook.com/Systrasamlagid

Sími: 511 6367

AFGREIÐSLUTÍMI:

Virkir dagar

8:30 - 18

Laugardagar

10 - 16



Samstarf Gróttu og leikskólana

Íþróttafélagið Gróttu og leikskólar Seltjarnarness hafa átt gott samstarf sín á milli undanfarin ár. Samstarfið felur það í sér að leikskólabörnin hafa haft tækifæri til þess að stunda knattspyrnu á meðan á dvöl þeirra á leikskóladeildum stendur yfir.

Þjálfarar knattspyrnudeildar hafa sótt börnin á leikskólann og fylgt þeim yfir í íþróttahúsið og fylgt þeim svo aftur til baka á leikskólann að æfingu lokinni. Síðastliðin ár hefur Gróttu einnig boðið elstu leikskólabörnunum á tíu vikna kynningarnámskeið þar sem allar



íþróttageinar Gróttu eru kynntar fyrir börnunum. Mikil ánægja hefur verið með samstarf Gróttu og leikskólanna. Það er vonandi að þetta samstarf styrkist og verði enn umfangsmeira á komandi misserum.

Gróttustelpurnar með fullt hús

Selfoss og Gróttu mættust í sjöttu umferð Olís deildar kvenna í handknattleik á Selfossi. Lokatölur í leiknum urðu 23:18 Gróttu í vil.

Eva Björk Davíðsdóttir var atkvæðamest í liði Gróttu með fimm mörk.

Gróttu er á toppi deildarinnar með 12 stig eftir sex umferðir á meðan Selfoss er með átta stig.

Góður sigur á ÍR

Gróttu vann sinn þriðja sigur í Olís-deild karla í handknattleik þegar þeir báru sigurorð af ÍR-ingum.

ÍR-ingar voru þó sterkari í fyrri hálfleiks og fóru með fjögurra marka forskot inn í



hálfleikinn. 11:15.

Gróttu náði hægt og bítandi að minnka muninn í seinni hálfleiks og undir lok leiksins náði Gróttu forystu og hélt þeirri forustu og unnu að lokum frábæran sigur 31:29.

Markahæstir í liði Gróttu voru Júlíus Þórir og Viggó Kristjánsson með 9 mörk.

Úlfur Blandon tekur við Gróttu



Úlfur Blandon og Hilmar Sigurðsson.

Úlfur Blandon hefur verið ráðinn nýr þjálfari meistaraflokks karla hjá Gróttu en hann hefur gert tveggja ára samning við félagið.

Á síðasta tímabili þjálfaði Úlfur 2. flokk karla hjá Víkingi og 2. flokk kvenna hjá HK/Víkingi en árið 2014 starfaði hann sem aðstoðarþjálfari hjá meistaraflokki Fram í Pepsi-deildinni.

Úlfur er Gróttumönnum að góðu kunnur en hann var yfirþjálfari yngri flokka félagsins frá 2011 til 2013.

Úlfur tekur við starfinu af Gunnari Guðmundssyni sem stýrði Gróttu-liðinu á síðustu leiktíð en Kristján Ómar Björnsson var aðstoðarþjálfari

hans. „Knattspyrnudeild Gróttu þakkar Gunnari og Kristjáni Ómari Björnssyni fyrir störf sín í þágu félagsins og óskar þeim velfarnaðar á nýjum vlgstöðvum," segir í fréttatilkynningu frá Gróttu.

„Stjórn knattspyrnudeildar lýsir yfir mikilli ánægju með að fá Úlf til Gróttu. Úlfur þekkir vel til yngri leikmanna félagsins eftir að hafa verið yfirþjálfari hjá Gróttu en efniviðurinn er sannarlega til staðar á Nesinu. Gróttu leikur í 2. deild á næsta ári og það er spennandi uppbyggingarstarf í vændum undir stjórn Úlfs," segir Hilmar S Sigurðsson formaður knattspyrnudeildar Gróttu.

www.grottasport.is



GETRAUNANÚMÉR

GRÓTTU ER

170



Sími: 588 9705
www.skautaholl.is

Opnunartímar:

Mánud., Þriðjud. og Miðvikud.
12:00 til 15:00.

Fimmtudaga
12:00 til 15:00 og 17:00 til 19:30.

Föstudaga
13:00 til 19:00.

Laugardaga og Sunnudaga
13:00 til 18:00.

Skólar og sérhópar: Mánudag til föstudaga
10:00 til 15:00.



Ingvi Örn Ingvason, markaðssérfræðingur Skeljungs og Kristín Þórðardóttir varaformaður handknattleiksdeildar Gróttu skrifuðu undir samninginn í hálfleik þegar Gróttu tók á móti ÍBV á dögnum og fór undirskriftin vítaskuld fram á miðjunni góðu.

Orkan nýr styrktaraðili Gróttu

Orkan og handknattleiksdeild Gróttu hafa skrifað undir samstarfssamningar til næstu tveggja ára þar sem Orkan verður ein af aðalstyrktaraðilum félagsins.

Samningurinn felur í sér víðtækt samstarf Gróttu og Orkunnar meðal annars í formi lyklastarfs þar sem leikmenn og stuðningsmenn

Gróttu geta fengið sérstakan Gróttu-lykil frá Orkunni þar sem ein kr. af hverjum eldsneytislítra rennur til Gróttu ásamt árangurstengdum greiðslum. Orkan verður framan á búningum Gróttu ásamt því að merki Orkunnar mun einnig prýða miðjuna á heimavelli Gróttu. Hægt er að sækja um Gróttu-lykil með því að fara inná orkan.is/grotta

NES FRÉTTIR

Auglýsingasími: 511 1188

SELTIRNINGUR MÁNAÐARINS

Seltirningur mánaðarins að þessu sinni er Júlía Gunnarsdóttir, hún hefur látið til sín taka í tónlistarlífinu á Nesinu, sungið með hópi ungs fólks, leikið á pianó og sungið sóló með þeim. Tónlistin á hug hennar allan en hún hefur bæði lært á fiðlu og pianó og syngur nú með kór MH. Fyrirmyndar stúlka og afar félagslynd.

Fullt nafn? Júlía Gunnarsdóttir.

Fæðingard. og ár? 8. mars 1999.

Starf? Nemandi við Menntaskólann í Hamrahlíð.

Farartæki? Oftast strætó.

Helstu kostir? Ég er rosa skemmtileg.

Eftirlætis matur? Sushi, súkkulaði og kókómjól.

Eftirlætis tónlist? Vanalega hlusta ég á slaka og þægilega tónlist.

Eftirlætis íþróttamaður?

Miguel Quinteros.

Skemmtilegasta sjónvarpsefnið?

Parks and recreation er í miklu uppáhaldi og líka Sjerlock.

Besta bók sem þú hefur lesið?

Hringurinn eftir Söru B. Elfgren og Mats Strandberg.

Uppáhalds leikari?

Benedict Cumberbatch.

Besta kvikmynd sem þú hefur séð?

Sharknado.

Hvað gerir þú í fristundum þínum?

Ég eyði þeim oftast með vinum.

Fallegasti staður sem þú hefur komið á? Grikkland.

Hvað metur þú mest í fari annarra?

Hreinskilni og góður húmor.

Hvern vildir þú helst hitta?

Örugglega Benedict Cumberbatch.

Uppáhalds vefsíða?

Netflix. Engin spurning.



Hvað vildir þú helst fá í afmælisgjöf? Milljón knús.

Hvað myndir þú gera ef þú ynnir 5 milljónir í happdrætti? Gefa

helming í góð málefni og stofna bankareikning.

Hvað myndir þú gera ef þú værir bæjarstjóri í einn dag? Ég myndi

kaupa pizzu og kókómjólk handa öllum.

Að hverju stefnir þú í framtíðinni?

Ekki enn ákveðið en mig langar til þess að verða flugmaður

Hvað gerðir þú í sumarfríinu?

Slakaði á með vinum og vann.



Líður þér illa í hjartanu?

1717

opinn - trúnaður - ókeypis + Rauði kross Íslands

Frá 18. nóvember

JOLAMATSEÐILL TAPASBARSINS

★ Hefst með Faustino freyðivíni í fordrykk

★ 7 gómsætir jólatapas fylgja síðan í kjölfarið

Tvíreykt hangikjötstartar með balsamik vinaigrette
Rauðrófu- og piparrótargrafinn lax
Spænsk marineruð síld með koriander og mangó
Hamborgarhryggur með epla-fennel salati og malt&appelsín sósu

Kalkúnabringa með spænskri „stuffing“ og calvados villisveppasósu
Steiktur saltfiskur með sætri kartöflumús
Hægelduð grísa síða með heimatilbúnu rauðkáli, fíkjum og fjallagrasasósu

★ Og í lokin tveir ljúfir eftirrættir

Rise a la mande með berjasaft
Ekta súkkulaðiterta

7.590 kr.



Vesturgata 3B | 101 Reykjavík | www.tapas.is

Leila
boutique

Gjöfin þín*

Verðgildi kr. 15.400,-



*Þegar keyptar eru tvær vörur í Clarins þar af eitt andlitskrem. Gildir á meðan bírgöfir endast.

CLARINS

Leila boutique
Eiðistorgi 2 hæð
sími 5512323

Laufey Birkisdóttir
Snyrti, förðunar- og nuddfræðingur

Clarins kynning hjá Snyrtistofunni Leila Boutique Eiðistorgi
fimmtudaginn 22. október til laugardagsins 24. október.

Veglegur kaupauki fylgir þegar verslaðar eru tvær vörur, þar af eitt andlitskrem.

Sérfræðingur frá Clarins verður á staðnum föstudaginn 23. október kl. 13:00-18:00.

Ég tek vel á móti ykkur, hlý og persónuleg þjónusta